

HAFNARFJÖRÐUR

AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

SAMÞYKKTIR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin felst í því að svæðið, nefnt Hraun-vestur, sem afmarkast af Reykjavíkurvegi, Flatahrauni og Fjarðarhrauni verði skilgreint sem miðsvæði, þar sem gert verði ráð fyrir blandaðri byggð með áherslu á íbúðarbyggð. Ekki er stefnt á að svæðið verði annar miðbær í samkeppni við gamla miðbæinn, heldur að þar þróist blönduð byggð með borgar- eða kaupstaðareinkennum, vönduðu búsetuumhverfi og raunhæfum aðstæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi.

fram stefna um þéttingu byggðar og uppbyggingu á vannýttum svæðum sem eru í göngufjarlægð frá miðbæ.

Áform um svonefnda Borgarlínu, sem er hágæðakerfi almenningsgangna, verða sett inn í Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040 með formlegri breytingu og samsvarandi breytingum á aðalskipulagi sveitarfélaganna. Áformað er að Borgarlínan fari um Reykjavíkurveg. Hraun-vestur liggja að Borgarlínu og koma því til álita sem þéttingarsvæði þar sem endurnýting lands tekur mið af markmiðum svæðisskipulagsins.

Í gildandi aðalskipulagi er stefnt að því að fullnýta byggingarmöguleika miðlægra svæða og lögð áhersla á að fjarlægðir milli íbúa og starfa verði stytta með blandaðri byggð. Gert er ráð fyrir að svæðið sem hér um ræðir verði þéttingarsvæði með aukinni íbúðarbyggð í samræmi við stefnu aðalskipulagsins.

Breytingar á landnýtingarflokkum samfara þessari breytingu verða því:

ÍB2; íbúðarsvæði 10ha, fellur út,
VP2; verslun og þjónusta 1,4ha, fellur út,
AT1; athafnasvæði minnkar úr 28ha í 9ha,
en í stað verði skilgreindur nýr flokkur
M3; miðsvæði Hraun-vestur, 30,5ha.

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 er megin hluti svæðisins skilgreindur sem athafnasvæði og suðurhluti þess sem íbúðarsvæði. Jafnframt er í aðalskipulaginu sett

þessi breyting fellur því vel að markmiðum Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025.


Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann: _____ 2018

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

FYRIR



EFTIR



Skýringar:

M	Miðbær, miðsvæði
VP	Verslunar- og þjónustusvæði
S	Samfélagsþjónusta
I	Iónaðarsvæði
AT	Athafnasvæði
IB	Íbúðarsvæði
H	Hafnarsvæði
F	Svæði fyrir frístundabyggð
K	Kirkjugarðar og grafreitir
E	Efnistöku- og efnislosunarsvæði
IP	Íþróttasvæði
OB	Óbyggð svæði
AF	Afþreyingar- og ferðamannasvæði
	Skipulagi frestað
SL	Skógræktar og landgræðslusvæði
OP	Opin svæði
V	Vötn, ár og sjór
FS	Fríðlýst svæði
OK	Önnur náttúruverndarsvæði
HV	Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
R	Fríðlýstar fornminjar
VB	Vatnsbólsvæði
VG	Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
VF	Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
VA	Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014

1:15.000

Breytt landnotkun — Mörk breytinga

1:15.000

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

SVÆÐI: HRAUN-VESTUR ATHAFNA- OG ÍBÚÐARSVÆÐI VERÐA SKILGREINT SEM MIÐSVÆÐI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSÞJÓNUSTA
HAFNARFJARÐAR

15.02.2018

GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR